**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 159/2023** **2023/EES/87/16**

**frá 13. júní 2023**

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2454 frá 14. desember 2022 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87 að því er varðar skýrslugjöf vegna eftirlits með samþjöppun áhættu og viðskiptum innan samstæðu (1).

2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 31eab (framseld reglugerð (ESB) 2015/2303) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31eac. **32022 R 2454**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2454 frá 14. desember 2022 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87 að því er varðar skýrslugjöf vegna eftirlits með samþjöppun áhættu og viðskiptum innan samstæðu (Stjtíð. ESB L 324, 19.12.2022, bls. 55).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/2454, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.

(1) Stjtíð. ESB L 324, 19.12.2022, bls. 55.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.